

Ar 1973, mánudaginn 9. júlí, var í málínu nr. 38/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að á s.l. ári festi Listasafn Íslands kaup á fasteignunum nr. 7 og 7A við Friðskirkjuveg og fasteigninni nr. 16 við Laufásveg. Fasteignaskattar voru lagðir á eignir þessar af hálfu Reykjavíkurborgar, en voru síðar felldir niður, að því er varðar nefndar fasteignir við Friðskirkjuveg. Listasafn Íslands vill ekki una skattlagningu fasteignarinnar nr. 16 við Laufásveg, og hefur menntamálaráðuneytið kært þá álagningu fasteignaskatts til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 8. júní 1973. Er tekið fram í bréfi þessu, að Listasafn Íslands muni verða til húsa í öllum framangreindum fasteignum, og verið sé að vinna að undirbúningi byggingarframkvæmda á þeim grundvelli.

Samkvæmt framansögðu kemur hér aðeins til úrlausnar, hvort fasteignin nr. 16 við Laufásveg sé undanþegin fasteignaskatti, en aðeins er um lóð að ræða, þar sem hús það, sem á lóðinni var, var rifið eftir bruna. Safnahús hefur enn ekki verið reist á lóð þessari, og verður undanþága frá fasteignaskatti því eigi að svo stöddu reist á 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Þar eð undanþága af öðrum ástæðum virðist ekki koma til greina, verður framangreind krafa menntamálaráðuneytisins f.h. Listasafns Íslands ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Listasafni Íslands er að svo stöddu skylt að svara fasteignaskatti af lóðinni nr. 16 við Laufásveg í Reykjavík.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson